


Umhverfisstofnun
Áb. <i>ÖA</i>
04 AUG. 2004
54.54
Tilv. UST20040700102



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Iceland

t. (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

3. ágúst 2004

Tilvísun: UST20040700102/6á

## Breikkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar, Ísafjarðarbæ. Matsskylda

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 19. júlí sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matsskyldu þessarar framkvæmdar.

### Framkvæmd

Um er að ræða breikkun flugvallar, land- og sjávarmegin og endurnýjun grjótvarnar við sjó.

### Umhverfisáhrif

Við framkvæmdina munu 7300 m<sup>2</sup> af tjörnum innan við flugbraut hverfa undir fyllingar. Jafnframt mun u.p.b. 1 hektari af gróðurlendi á milli tjarnarsvæðis og flugbrautar hverfa undir fyllingar og fjörusvæði norðan og vestan flugbrautar munu raskast. Samkvæmt Náttúrustofu Vestfjarða þorna flestar tjarnir af þessu tagi upp yfir sumarið, nema þær sem haldast blautar vegna fyrirstöðu sem skapast hefur vegna mannvirkjagerðar. Framkvæmdin mun væntanlega hafa áhrif á fjölda varpfugla á svæðinu þar sem fæðu- og varpsvæði minnka. Þetta á einkum við um kriú, æðarfugl og aðrar andategundir. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin ætti að fara fram að eins miklu leyti og unnt er utan varptíma. Umhverfisstofnun telur ekki að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson

Helgi Jensson